

UNNUR BIRNA KARLSDÓTTIR

## Grænn femínismi

### Vistfemínískir þræðir í íslenskri umhverfispólítík

#### *Inngangur*

Femínismi í hinum ýmsu birtingarmyndum setti mark sitt á hugmyndaheim og samfélög á síðustu öld og það sem af er þessari, þar með talið á orðræðu um umhverfismál. Einn sproti þeirrar sögu er til umfjöllunar hér og snýr að Íslandi. Nánar tiltekið fjallar þessi grein um hugmyndafræði þar sem barátta fyrir kvenfrelsi og náttúru- og umhverfisvernd fléttast saman, eða vistfemínisma eins og enska hugtakið „ecofeminism“ hefur verið þýtt á íslensku.<sup>1</sup> Heitin „umhverfisfemínismi“<sup>2</sup> og „kvenlæg vistfræði“<sup>3</sup> hafa einnig verið notuð. Í þessari grein er spurt með hvaða hætti áhrifa þessarar hugmyndafræði hefur gætt í umræðu um umhverfismál á Íslandi. Til afmörkunar beinist sjónarhornið að vistfemínisma í pólitískri umræðu um umhverfismál. Í því felst annars vegar að spyrja hvar rætur þeirrar sögu liggja og hins vegar hvort vistfemínískt sjónarhorn sé sýnilegt í nýlegri pólitískri stefnumörkun í umhverfismálum.

Vistfemínismi er Íslendingum ekki ókunnur, að minnsta kosti ekki þeim sem hafa áhuga á jafnréttisbaráttu og umhverfismálum, enda hafa ýmis skrif birst um efnið. Umfjöllun um megininntak og áherslur þessarar hugmynda-stefnu hefur verið viðfangsefni nokkurra rannsóknaritgerða og greinaskrifa á íslensku. Til dæmis má benda á að í grein frá 2005 spyr Hrafnhildur Ragn-

<sup>1</sup> Sjá til dæmis „Vistfemínismi“, *Knúz – femínískt vefrit*, 16. nóvember 2012, sótt 21. apríl 2022 af <https://knuz.wordpress.com/2012/11/16/vistfeminismi/>.

<sup>2</sup> Sjá til dæmis „Umhverfisfemínismi“, *Kvenréttindafélag Íslands*, 8. apríl 2010, sótt 22. apríl 2022 af <https://kvenrettindafelag.is/umhverfisfeminismi/>.

<sup>3</sup> Sigrún Helgadóttir, „Kvenlæg vistfræði“, *Vera* 10: 2/1991, bls. 8–9.



arsdóttir þeirrar vistfemínísku spurningar hvort vistkreppa samtímans sé afleiðing karlaveldis og kapítalísma.<sup>4</sup> Í BA ritgerð í stjórn málafræði, „Jarðvegur – undirstaða mannlífs“, við Háskóla Íslands (2010), fjallar Þorbjörg Sandra Bakke um vistfemínísma.<sup>5</sup> Einnig má nefna meistara ritgerð í mannfræði við Háskóla Íslands (2013) eftir Ingibjörgu Aradóttur, „Spor kvenna og karla. Loftslagsbreytingar og návígið við náttúruna“.<sup>6</sup> Og í 19. júní 2013, blaði Kvenréttindafélagsins, er að finna grein eftir Guðrúnu Elsu Bragadóttur um vistfemínísma, rányrkju og feðraveldi.<sup>7</sup> Þessi skrif eiga það sammerkt að hafa kynnt sjónarhorn vistfemínísma hér á landi og þannig opnað Íslendingum glugga að þessari hugmyndafræði. Í framhaldi má nefna að utan akademíunnar hafa nokkrar konur nýtt sér vefinn í femínískum greina- og pistlaskrifum um brennheit samtímamálefni svo vísað sé í skrif á vefnum *Vía*, sem hýsir „Femínískar greinar um hamfarahlýnun, loftslagsbreytingar og umhverfismál – áhrif á ólík samfélög og samfélagshópa, hugvekjur, ráð og greiningar“.<sup>8</sup> Akademískar rannsóknir hafa verið einkennandi fyrir sögu vistfemínísma en hann hefur haslað sér völl bæði á sviði „aktívísma“ og akademíu. Innan íslenskrar akademíu má nefna rannsóknir og skrif vísindakvenna á Hugvísindasviði Háskóla Íslands um tengsl femínísma og umhverfismála. Sólveig Anna Bóasdóttir og Arnfríður Guðmundsdóttir, prófessorar við Guðræði- og trúarbragðafræðideild, hafa í þeim anda beint sumum rannsóknum sínum að loftslagsbreytingum.<sup>9</sup> Sigríður Þorgeirsdóttir, prófessor

<sup>4</sup> Hrafnhildur Ragnarsdóttir, „Er vistfræðikreppa nútímans afleiðing feðraveldis og kapítalísma?“, *Hugsandi. Vefrit um fræði og menningu í viðum skilningi* 22. nóvember 2005, sótt 23. apríl 2022 af <http://wayback.vefsafn.is/wayback/20080725040649/http://hugsandi.is/articles/er-vistfraedikreppa-nutimans-afleiding-fedraveldis-og-kapitalisma/>.

<sup>5</sup> Þorbjörg Sandra Bakke, „Jarðvegur – undirstaða mannlífs“, BA.-ritgerð í stjórn málafræði, Háskóli Íslands, *Skemman.is*, 2010, bls. 11–14, sótt 8. maí 2022 af <http://hdl.handle.net/1946/4767>.

<sup>6</sup> Ingibjörg Aradóttir, „Spor kvenna og karla. Loftslagsbreytingar og návígið við náttúruna“, MA.-ritgerð í mannfræði, Háskóli Íslands, 2013, *Skemman*, sótt 11. maí 2022 af <http://hdl.handle.net/1946/14960>.

<sup>7</sup> Guðrún Elsa Bragadóttir, „Vistfeminismi. Rányrkja, feðraveldi og yfiringangur manna“, *19. júní* 62: 2013, bls. 18–22, sótt 26. apríl 2022 af <https://view.publitas.com/kvenrettindafelag/19-juni-2013/page/18-19>.

<sup>8</sup> Sjá til dæmis „Femínískar greinar um hamfarahlýnun, loftslagsbreytingar og umhverfismál – áhrif á ólík samfélög og samfélagshópa, hugvekjur, ráð og greiningar“, *Vía.is*, sótt 27. maí 2022 af <https://via.is/category/umhverfismal/>.

<sup>9</sup> Sólveig Anna Bóasdóttir, *Guð og gróðurþúsaáhrif. Kristin siðfræði á tímum loftslagsbreytinga*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2017; Arnfríður Guðmundsdóttir, „Melting Glaciers, Climate-Justice, and the Desperate Need for a New Reformation“, 2019

í heimspeki við Deild heimspeki, sagnfræði og fornleifafræði, hefur einnig beint sjónum sínum að femínisma sem og náttúru- og umhverfisvernd í mörgum sinna rannsókna.<sup>10</sup> Innan almennrar bókmenntafræði og íslensku við sama háskóla hafa komið út ýmis skrif þar sem femínísku sjónarhorni og vistrýni er beitt, til að mynda í lokaritgerðum eftir Helgu Birgisdóttur og Kristínu Ósk Unnsteinsdóttur um *Söguna af bláa bnettinum* eftir Andra Snæ Magnason (2019),<sup>11</sup> í grein Auðar Aðalsteinsdóttur í *Ritinu* (2020) um bækur Gyrðis Elíassonar<sup>12</sup> og í nýrri grein Öldu Bjarkar Valdimarsdóttur í fyrsta hefti *Ritsins* 2022.<sup>13</sup> Auður Aðalsteinsdóttir á einnig grein í fjölþjóðlegu greinasafni þar sem vistfemínismi og bókmenntarýni fléttast saman, sem ráðgert er að komi út haustið 2022.<sup>14</sup> Segja má að áður útgefið efni og væntanlegt á þessu sviði glæði vonir um áframhaldandi og fjölbreytta flóru íslenskra fræðiskrifa, jafnt sem erlendra, þar sem vistfemínismi kemur við sögu. Áður en lengra er haldið er rétt að gefa stutt yfirlit yfir helstu atriði í hugmyndafræði vistfemínisma.

---

Luther Lecture: Pacific Lutheran Theological Seminary, *Berkeley Journal of Religion and Theology* 6: 1/2020, bls. 10–29; sami höfundur, „How Climate Change is changing the Lives of Women and why We need to know about it“, *Dialog. A Journal of Theology* 58: 2/2019, bls. 90; sami höfundur „The Fire Alarm Is Off. A Feminist Theological Reflection on Sin, Climate Change, Energy, and the Protection of Wilderness in Iceland“, *Planetary Solidarity. Global Women's Voices on Christian Doctrine and Climate Justice*, ritstjórar Grace Ji-Sun Kim og Hilda P. Koster, Minneapolis: Fortress Press, 2017, bls. 135–154.

- <sup>10</sup> Sjá til dæmis Sigríður Þorgeirsdóttir, „Hvers vegna umverfssiðfræði er róttæk grein hugvísinda“, *Náttúran í ljósaskiptunum*, ritstjóri Björn Þorsteinsson, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2016, bls. 55–74; ásamt Guðbjörgu H. Jóhannesdóttur, „Reclaiming Nature by Reclaiming the Body“, *Balkan Journal of Philosophy* 8: 1/2016, bls. 39–48.
- <sup>11</sup> Helga Birgisdóttir, „Þegar neglt var fyrir sólina, kríurnar rötuðu ekki heim og einn maður átti sér draum. Vistrýni og verk Andra Snæs Magnasonar“, MA-ritgerð í íslenskum bókmenntum, Háskóli Íslands, 2007; Kristín Ósk Unnsteinsdóttir, „Hver á Sólina?“ Vistrýni í *Sögunni af Bláa bnettinum*“, BA-ritgerð í íslensku, Háskóli Íslands, 2019, *Skemman*, sótt 6. júní 2022 af <http://hdl.handle.net/1946/32301>.
- <sup>12</sup> Auður Aðalsteinsdóttir, „Pósthúmanískir draumar – karlar, konur og náttúra í listamannaþrileik Gyrðis Elíassonar“, *Ritið* 20: 2/2020, bls. 215–264, hér bls. 258–261.
- <sup>13</sup> Alda Björk Valdimarsdóttir, „Hún er húsið og tréð sem slútir yfir það“, *Howards End*, móðurgýðjan og karllægt vistprot“, *Ritið* 22: 1/2022, bls. 63–93.
- <sup>14</sup> Hér er vísað til greinar Auðar undir yfirskriftinni „Icelandic Literature and Ecofeminism“ í væntanlegu riti sem ber titilinn *The Routledge Handbook of Ecofeminism and Literature*, ritstjóri Douglas A. Vakoch, Routledge, 2022, sótt 9. júní 2022 af <https://www.routledge.com/The-Routledge-Handbook-of-Ecofeminism-and-Literature/Vakoch/p/book/9781032050119>.

*Hvað er vistfemínismi?*

Eins og sjá má af heitinu *ecofeminism* tengir hugtakið tvennt saman, annars vegar vistfræði (e. *ecology*) sem haslaði sér völl á síðasta fjórðungi 20. aldar í umræðu um umhverfismál<sup>15</sup> og hins vegar femínisma (e. *feminism*) frá og með í kringum 1970, í þessu samhengi í seinni bylgjum femínisma sé miðað við fyrstu bylgjuna á fyrri hluta 20. aldarinnar.<sup>16</sup> Heitið var upphaflega sett fram af franska rithöfundinum Françoise d'Eaubonne í bókinni *Le Féminisme ou la Mort (Femínismi eða dauði)* sem út kom árið 1974 en þar hélt hún því fram að margt sé hliðstætt með kvennakúgun feðraveldisins og drottun þess yfir náttúrunni og valdi hvort tveggja umhverfisspjöllum. Hugtakið hefur síðan verið notað sem regnhlífarheiti yfir þær greinar femínisma sem byggja á þeirri grundvallarhugmynd að tengsl kvenna og náttúru sé lykilatriði í allri umfjöllun um umhverfismál.<sup>17</sup> Vistfemínismi fyrirfinnst bæði sem hreyfing aðgerðasinna og akademísk hreyfing með alþjóðlega útbreiðslu.

<sup>15</sup> Skilaboð vistfræðinnar og sú vishverfa umhverfisverndarhyggja sem af því óx gegndi stóru hlutverki í allri umræðu um umhverfismál á síðari hluta 20. aldar. Samband alls í náttúrunni varð í brennidepli, nánar tiltekið vistkerfi hennar. Áminningar um hættuna sem fælist í eyðileggingu vistkerfisins af mannavöldum urðu áberandi þáttur í umræðu um náttúru- og umhverfisvernd frá og með síðari hluta 20. aldar. Sjá til dæmis J. R. McNeill, *Something New under the Sun. An Environmental History of the Twentieth-Century World*, New York: W. W. Norton & Company, Inc, 2000, bls. 336–340; Sverker Sörlin, *Naturkontraktet. Om naturumgængets idéhistoria*, Stokk-hólmur: Carlsson, 1994, bls. 123–149; Segja má að vishverf nálgun á umhverfismál hafi einkennt nær alla umræðu um umhverfismál nú á 21. öldinni, sbr. umræða um loftslagsbreytingar af mannavöldum. Sjá til dæmis brautryðjandi rit á þeim vettvangi sem benda á málið sem alþjóðlegt vistkerfislegt vandamál í kynningu til ráðamanna og almennings: Al Gore, *An Inconvenient Truth. The Planetary Emergency of Global Warming and what We can do about it*, New York: Rodale, 2006; sami höfundur, *Earth in the Balance. Ecology and the Human Spirit*, New York: Rodale, 2006; Á íslenskum vettvangi brautryðjandi skrifa á sviði hugvísinda um loftslagsmál eru þekkt ótal skrif Guðna Elíssonar, prófessors í bókmenntafræði við Háskóla Íslands, sjá til dæmis Guðni Elísson, „Efhayggja og afneitun. Ábyrg loftslagsumræða í fjölmiðlafári samtímans“, *Ritið* 8: 2/2008, bls. 77–114, og sami höfundur, „Dómsdagsklukkan tifar. Upplýsing og afneitun í umræðu um loftslagsbreytingar“, *Ritið* 11: 1/2011, bls. 91–136; Einnig má benda, í flokki íslenskra vísindaskrifa um loftslagsmál, á rit Halldórs Björnssonar haf- og veðurfræðings á Veðurstofu Íslands: *Gróðurhúsaábrif og loftslagsbreytingar*, ritstjóri Trausti Jónsson, Umhverfisrit Bókmenntafélagsins, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2008.

<sup>16</sup> Um sögu og þróun femínisma sjá til dæmis *Feminisms. A Reader*, ritstjóri Maggie Humm, London: Harvester Wheatsheaf, 1992.

<sup>17</sup> „Françoise d'Eaubonne's Le Féminisme ou la Mort“, *Environment and Society Portal*, sótt 15. júní 2022 af <https://www.environmentandsociety.org/tools/keywords/francoise-deaubonnes-le-feminisme-ou-la-mort>.

Hreyfingunni óx ásmegin á níunda og tíunda áratug 20. aldar með útgáfu rita og fjölmörgum ráðstefnum. Farið var að beita femínískum sjónarhornum í umhverfismálum. Á fræðilegum vettvangi birtust lykilrit sem ljáðu vistfemínisma rödd, og er til dæmis útkoma bókar Susan Griffin, *Woman and Nature. The Roaring Inside Her* (1978), oft nefnd í því sambandi.<sup>18</sup> Einnig og ekki síður verk Carolyn Merchant, *The Death of Nature* (1980), þar sem hún skrifar „dauða náttúrunnar“ og kúgun kvenna á reikning vísinda- og tækniþyngingarinnar.<sup>19</sup> Fjölmörg fleiri og nýrri lykilrit og rannsóknir hafa síðan komið út, en of langt mál er að rekja það hér.<sup>20</sup>

Vistfemínismi er visthverf (e. *ecocentric*) hugmyndafræði. Mannhverfri (e. *anthropocentric*) afstöðu til tengsla manns og náttúru er hafnað og tekin ómannhverf (e. *non-anthropocentric*) eða öðru heiti náttúruhverf afstaða.<sup>21</sup>

<sup>18</sup> Susan Griffin, *Woman and Nature. The Roaring Inside Her*, New York: Harper & Row, 1978.

<sup>19</sup> Carolyn Merchant, *The Death of Nature. Women, Ecology, and the Scientific Revolution*, New York: Harper & Row, 1980.

<sup>20</sup> Hér má til dæmis nefna í tímaröð útgáfu: Maria Mies, Vandana Shiva og Ariel Salleh (formáli), *Ecofeminism*, London: Zed Books, 2014; Vandana Shiva, „The Impoverishment of the Environment. Women and Children Last“, *Environmental Philosophy. From Animal Rights to Radical Ecology*, ritstjóri Michel E. Zimmerman og fleiri, Upper Saddle River: Prentice Hall, 2001, 3. útgáfa, bls. 287–304; *Ecological Feminist Philosophies*, ritstjóri Karen Warren, Bloomington, Indiana: University of Indiana Press, 1996; Rosi Bradiotti og fleiri, *Women, the Environment, and Sustainable Development. Towards a Theoretical Synthesis*, London: Zed Books, 1994; Joni Seager, *Earth Follies. Coming to Feminist Terms with the Global Environmental Crisis*, New York: Routledge, 1993; Vandana Shiva, *Staying Alive. Women, Ecology, and Development*, London: Zed Books, 1989; Irene Dankelman og Joan Davidson, *Women and Environment in the Third World*, London: Earthscan Publications, 1988.

<sup>21</sup> Samkvæmt mannhverfum gildum (e. *anthropocentrism*) felst verðmæti náttúrunnar í því hvernig hún nýtist eða þjónar manningum (til búsetu, fæðu, og auðlindanýtingar og svo framvegis). Manninum er skipaður sess æðri öðru í náttúrunni. Samkvæmt náttúruhverfum sjónarmiðum (e. *non-anthropocentric*) er náttúran uppspretta verðmæta óháð gildismati mannsins. Hún hefur eigin gildi, verðmæti hennar liggur í henni sjálfri, öllu sem hún inniheldur. Í visthverfri sýn náttúru (e. *ecocentrism*) er þýðing vistkerfa og samspil þeirra meginatriðið, og ber manningum að taka tillit til og laga sig að þörfum annars í náttúrunni, enda þjóni það manningum best í heildina litið því hann er hluti af vistkerfum náttúrunnar. Um hugtök og stefnur í náttúrusiðfræði, sjá til dæmis greinasafnið *Environmental Philosophy. From Animal Rights to Radical Ecology*, ritstjóri Michael E. Zimmerman og fleiri, Upper Saddle River: Prentice Hall, 2001, þriðja útgáfa; sjá þar greinar eftir ýmsa höfunda um strauma og stefnur innan náttúrusiðfræði bls. 7–252 og um vistfemínisma bls. 253–342; Þorvarður Árnason, „Náttúran sem siðfræðilegt viðfangsefni“, *Landabréfið* 18–19: 1/2002, bls. 58–65; Pálína Axelsdóttir Njarðvík, „Hugsanaskekkjur, ályktanavillur og notkun fortalna í þjóðfélagsumræðu. Innihaldsgreining á blaðaumfjöllun um Norðlingaölduveitu“,

Boðskapur vistfemínisma er í stuttu máli sá að ætíð þurfi að horfa á sambúð manns og náttúru frá sjónarhóli kynferðis, og þá ekki aðeins út frá líf-fræðilegu kyni heldur líka kyngervi (e. *gender*), það er hinu félagsmótaða kyni, það er þeim félagslegu væntingum, innrætingu, skilyrðingum og hlutverkum sem móta kynhlutverk. Láta þurfi af tvíhyggjunnni sem einkenni hið mannhverfa sjónarhorn og setur menningu ofar náttúrunni og karla ofar konum. Vistfemínismi boðar að setja þurfi upp kynjagleraugun þegar horft er á umhverfismál. Það þurfi að horfa á veruleika kvenna en ekki aðeins karla enda hafi áhersla á veruleika og hagsmuni karla einkennt meginstraumshugmyndir feðraveldissamfélagsins, breyta þurfi því að hin karllæga nálgun stýri áfram allri orðræðu og stefnumörkun. Aðstæður og þarfir kvenna annað hvort gleymist eða litið sé fram hjá þeim sem mikilvægu atriði í allri umræðu um umhverfismál, umhverfisvanda og stefnumótun um lausnir á þeim vanda. Gagnrýni vistfemínisma beinist þannig hvort tveggja að umhverfisverndarhyggju sem tekur ekki tillit til kvenlægra sjónarmiða og að femínisma sem tekur ekki, eða að minnsta kosti ekki nægilega, tillit til umhverfismála, svo vísað sé til dæmis í skrif Sigrúnar Helgadóttur, líf- og umhverfisfræðings og þáverandi Kvennalistakonu, í þverfræðilega greinasafninu *Náttúrusýn* árið 1994.<sup>22</sup> Með öðrum orðum, konur þurfi að líta í eigin barm í afstöðu til náttúrunnar, ekki aðeins karlar, eða eins og Sigrún hafði einnig komist að orði árið 1991 í *Veru*: „Of fáar kvenfrelsiskonur skynja stöðu sína á milli menningar og náttúru, sumar þeirra virðast jafnvel trúá á þá talsýn að við eigum að valdbeita náttúruna og getum það, að við lifum aðeins í menningu, ekki náttúru.“<sup>23</sup>

Vistfemínismi kallar á að ætíð sé horft út frá femínísku sjónarhorni í pólitískri umræðu um umhverfismál (grænni pólitík), og koma skuli á jafnréttissamfélagi þar sem enginn einn hópur fái að vera allsráðandi og drottna í krafti sjálfskipaðrar yfirburðastöðu, hvorki yfir konum, öðrum þjóðfélags-hópum né náttúrunni. Í þessu sambandi er bæði feðraveldið og kapítalískt hagvaxtardrifið hagkerfi þess, með tilheyrandi arðráni og ósjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda, gagnrýnt sem hið ráðandi og kúgandi afl gagnvart konum

---

MS-ritgerð í hagnýtri sálfræði, Háskóli Íslands, 2019, bls. 18–24, *Skemman*, sótt 2. júní 2022 af <http://hdl.handle.net/1946/33442>.

<sup>22</sup> Sigrún Helgadóttir, „Konur í berjamó. Hugleiðingar um kvenlæga vistfræði“, *Náttúrusýn. Safn greina um siðfræði og náttúru*, ritstjórar Róbert H. Haraldsson og Þorvarður Árnason, Reykjavík: Rannsóknastofnun í siðfræði, 1994, bls. 155–165, hér bls. 159–165.

<sup>23</sup> Sigrún Helgadóttir, „Kvenlæg vistfræði“, *Vera* 10: 2/1991, bls. 8–9, hér bls. 9.

og þjóðfélagslega undirokuðum hópum af ýmsu tagi ekki síður en sjálfri náttúrunni, öllum dýrategundum hennar, gróðri, jarðvegi, jarðefnum, vatni og lofti. Vistfemínismi er þannig sá meiður femínískrar hugmyndafræði sem lítur á umhverfisvernd og tengsl kvenna við náttúruna sem grundvallaratriði í allri greiningu og framkvæmd á sviði jafnréttis-, kvenfrelsis- og umhverfismála. Vistfemínískir hugsuðir horfa út frá hugtakinu kyngervi í allri rýni og greiningu á tengslum manns og náttúru.

Vistfemínísk greining gengur þannig út á að rannsaka tengsl kvenna og náttúru eins og þau birtast á sviði menningar, efnahags, trúarbragða, stjórn mála, bókmennta og tákngerva af ýmsu tagi, og fjallar um hliðstæður í kúgun náttúru og kúgun kvenna. Konum sé, líkt og náttúrunni, skipað í óæðra sæti í samfélagsskipan þar sem karllæg gildi séu ráðandi og karlar fari með öll eða nær öll völd og samfélagið mótist allt af því. Í þessu samhengi leggja vistfemínistar áherslu á að virða beri bæði konur og náttúru og því skuli samþætta baráttu fyrir bættri stöðu og réttindum kvenna og umhverfisvernd enda stuðli niðurstaðan í senn að jafnræði milli kynjanna og vernd umhverfis.<sup>24</sup>

Vistfemínísk kenning byggir þannig á þeim grundvallarskilningi að kapítalismi endurspegli og stýrist fyrst og fremst af feðrahbyggju og feðraveldisgildum. Þessi hugmynd felur í sér að kapítalismi hafi ekki gagnast konum til jafns við karla heldur skapað skaðlega gjá milli náttúru og menningar.<sup>25</sup> Töldu ýmsar af vestrænum talskonum vistfemínisma á áttunda og níunda áratug síðustu aldar að þessi gjá yrði ekki brúuð nema fyrir tilstuðlan kvenlegs innsæis gagnvart viðgangi lífsins og heilðrænnar þekkingar á ferlum náttúrunnar. Síðan þá hafa allmargar vistfemínískar fræðikonur tekið annan pól í hæðina og haldið því fram að það sé ekki líffræðilegt kyn kvenna, móðurhlutverkið eða nein kvenlæg eðlisgerð, sem tengi konur náttúrunni umfram karla heldur sé það vegna þess að konur og náttúra búi við hliðstæða kúgun af völdum sömu karldrifnu kraftanna sem ráði lögum og lofum, bæði í mannlegu samfélagi og í ríkjandi afstöðu til náttúrunnar

<sup>24</sup> Sjá til dæmis Sherilyn MacGregor, *Beyond mothering Earth. Ecological Citizenship and the Politics of Care*, Vancouver: UBC Press, 2006; Carolyn Merchant, *Radical Ecology. The Search for a Livable World*, New York: Routledge, 2005, 2. útgáfa, bls. 193–222; Patricia Glazebrook, „Karen Warren’s Ecofeminism“, *Ethics & the Environment* 7: 2/ september 2002, bls. 12–26, doi:10.2979/ETE.2002.7.2.12; Karen J. Warren, *Ecofeminist Philosophy. A Western Perspective on What It Is and Why It Matters*, Lanham, Maryland: Roman og Littlefield Publishers, 2000.

<sup>25</sup> Johanna Oksala, „Feminism, Capitalism, and Ecology“, *Hypatia* 33: 2/2018, bls. 216–234.

og hegðunar gagnvart henni. Jaðarsetning kvenna og náttúru sé augljós, enda sé „móðir jörð“ eða „móðir náttúra“, eins og sú útbreidda kyngerving náttúrunnar hljóðar, ekki vernduð fyrir arðráni og kúgun, og hið sama gildi um konur, þar eð ekki aðeins sé móðurhlutverkið á höndum kvenna heldur einnig flest umönnunarstörf önnur og ábyrgð á börnum og fjölskyldu, en konur búi engu að síður við undirmálsstöðu um nær allan heim.<sup>26</sup>

Raddir innan vistfemínisma hafa þannig leitast við að varpa ljósi á hvernig konur hafa verið tengdar náttúru umfram karla vegna hefðbundins samfélagshlutverks kvenna við uppeldi og umönnun, og víða í heiminum nær einhliða ábyrgð kvenna á þessum hlutverkum. Það sé því menningarleg og félagsleg kyngervandi ákvörðun að skilgreina konur vegna móðurhlutverks og umönnunar í nánari tengslum við náttúruna en karla.<sup>27</sup> Aðrar raddir hafa haldið því á lofti að konur séu tengdari náttúrunni en karlar vegna þess líffræðilega og félagslega hlutverks sem þær hafa í samfélaginu. Dæmi um slíkt eru skrif indversku baráttukonunnar og vistfræðingsins Vandana Shiva sem telur að konur hafi einstök tengsl við náttúruna í gegnum sitt daglega líf og að þessi tenging hafi verið vanmetin. Samkvæmt Shiva hafa konur, í samfélögum með hagkerfi sem skapa verðmæti byggð á nýtingu náttúruafurða úr nærumhverfinu í jafnvægi og samvinnu við náttúruna, áunnið sér djúpa og heilðræna vistfræðilega þekkingu á ferlum náttúrunnar. Hún gagnrýnir að þekking kvenna af þessu tagi, sem beinist að ávinningi og nægjusamri framfærsluþörf samfélagsins, sé ekki viðurkennd eða metin í hinu samkeppnismiðaða kapítalíska hagkerfi. Í því síðastnefnda skorti bæði skilning á tengslum náttúrunnar sjálftrar innbyrðis og á tengslunum milli náttúru og kvenna, lífs þeirra, þekkingar og verðmætasköpunar. Hún kennir um þeirri sýn á þróun og framfarir sem sé ráðandi í vestrænu kapítalíska feðraveldi. Shiva segir að talsmenn þess átti sig ekki á þeim verðmætum, samfélagslegum og umhverfislegum, sem ofangreind tengsl kvenna við náttúru fela í sér, heldur telji þeir þau ekki til verðmæta í hagvaxtardrífni en óheilðrænu og ósjálfbæru hagkerfi fjöldaframleiðslu og iðnaðar.<sup>28</sup> Dæmi

<sup>26</sup> Karen J. Warren, „Feminist Environmental Philosophy“, *The Stanford Encyclopedia of Philosophy*, Metaphysics Research Lab, Stanford University, 2015.

<sup>27</sup> Mark C. J. Stoddart og David. B. Tindall, „Ecofeminism, Hegemonic Masculinity, and Environmental Movement Participation in British Columbia, Canada, 1998–2007.“, *Women Always Clean Up The Mess*“, *Sociological Spectrum* 31: 3/2011, bls. 342–368, sótt 25. febrúar 2022 af doi:10.1080/02732173.2011.557065.

<sup>28</sup> Vandana Shiva, *Staying Alive*; sami höfundur, „Development as a New Project of Western Patriarchy“, *Reweaving the World. The Emergence of Feminism*, ritstjórar Irene Diamond og Gloria Feman Orenstein, án útgáfustaðs: Sierra Club Books,



um aðra fræðikonu sem skrifar á þessum nótum er Carolyn Merchant sem hefur ítrekað skrifað um að lög, reglur og vísindarannsóknir einar og sér geti ekki snúið við aukinni og útbreiddri mengun eða endurheimt minnkandi náttúruauðlindir. Til að viðhalda lífvænlegum heimi verði mannkynið að móta ný félagsleg, efnahagsleg, vísindaleg og andleg viðhorf sem muni í grundvallaratriðum umbreyta samskiptum manna við náttúruna.<sup>29</sup>

Vistfemínísk sýn hefur verið sett fram í umræðu um loftslagsbreytingar, enda eitt af meginviðfangsefnum umverfisvandans nú á tímum. Í þessu samhengi má til dæmis nefna grein þar sem Greta Gaard gagnrýnir meðal annars hvernig alþjóðasamfélagið nálgist loftslagsbreytingar mestmegnis út frá sjónarhóli hins hefðbundna karllæga vísindasamfélags og ætli því fyrirkomulagi óbreyttu að leysa vandann í stað þess að viðurkenna ósamkvæmnina sem felst í því að sama kerfið og skapaði loftslagsvandann ætli sér óbreytt að leysa hann. Það sé ekki vænlegt til árangurs í þágu umbóta á sviði umhverfisverndar, búsvæða og lífsafkomu að halda áfram að jaðarsetja þau mál sem konur hafa beitt sér fyrir, líkt og gert er þegar titið er á loftslagsbreytingar einvörðungu sem vísindalegt vandamál. Þeir sem bindi sig við það takmarkaða sjónarhorn sjái ekki aðrar lausnir en þær sem felast í tæknilegum og vísindalegum aðferðum. Þess í stað ætti að gera kröfu um algera breytingu á þeirri ríkjandi hugmyndafræði sem byggir á þjóðfélagslegu og kynbundnu ójafnrétti, efnahagslegri yfirburðastöðu, arðráni og nýlendustefnu.<sup>30</sup>

Umræðan um konur og loftslagsvána hefur einnig verið tekin upp innan vísindasamfélagsins hér á landi um umhverfismál og í því sambandi hefur sjónum verið beint að heiminum öllum ekki síður en Íslandi. Þar skipti bæði stórt og smátt máli. Í pistli sínum á *Rás 1* 17. mars 2021 fjallaði Hafdís Hanna Ægisdóttir plöntuvistfræðingur til að mynda um hvernig loftslagsváin bitnar í fátækum ríkjum á konum með verri og öðrum hætti en körlum. Lausnir í umhverfismálum þurfi að fela í sér samhliða áherslu á jafnréttismál og bættu stöðu kvenna, ítrekar hún. Jafnrétti kynjanna og umhverfismál séu nátengd mál og loftslagsváin hafi mismunandi áhrif á konur og karla. Lausnir í því að takast á við þessa aðsteðjandi og alvarlegu vá kalli því á mun meiri aðkomu kvenna að ákvarðanatöku, stefnumótun og fræðslu. Hafdís Hanna bendir á að konur eru varnarlausari en karlar því þær eru meirihluti

---

1990, bls. 189–200.

<sup>29</sup> Sjá til dæmis rit hennar: Carolyn Merchant, *Radical Ecology. The Search for a Livable World*, New York: Routledge, 2005, 2. útgáfa.

<sup>30</sup> Greta Gaard, „Ecofeminism and Climate Change“, *Women's Studies International Forum* 49/2015, bls. 20–33.

fátæks fólks í heiminum og háðari aðgangi að landi til að afla sér fæðu, vatns og eldiviðar. Þessi aðgangur er í hættu þegar þurrkar, flóð og hærri sjávarstaða verða að meira vandamáli í kjölfar loftslagsbreytinga, heldur hún áfram. Við þetta bætist að konur hafa víða lítinn ef nokkurn rétt til eigna á landi og öðrum auðlindum, njóta ekki fjárhagslegs sjálfstæðis og fá ekki aðgang að ákvarðanatöku af nokkru tagi. Slíkt kynbundið misrétti og fastmótuð kynjahlutverk þar sem konur eru í undirmálsstöðu gagnvart körlum veikir enn frekar stöðu kvenna og stúlkna og gerir þær varnarlausari fyrir kynbundnu ofbeldi innan heimilis sem utan. Hér sé samþætting jafnréttissjónarmiða og umhverfismála árangursríkust, eða eins og Hafdís Hanna orðar það í pistli sínum:

Til að takast á við loftslagsvána á heimsvísu, bæði þegar kemur að aðgerðum til að hægja á loftslagsbreytingum og aðgerðum til að aðlagast þeim er gríðarlega mikilvægt að leita í viskubrunn og reynslu kvenna – hvort sem það er í Úganda, Bandaríkjunum, Indónesíu eða á Íslandi. Við þurfum að bjóða konum sæti við borðin þar sem ákvarðanir eru teknar, við þurfum að hlusta á konur og meta störf þeirra til jafns við störf karla. Þegar kynin eru jafn rétthá þegar kemur að ákvarðanatöku og stefnumótun er mun líklegra að ákvarðanir er varða heilsu og vellíðan kvenna verði teknar af þeim sjálfum í stað karla sem eiga erfitt með að setja sig í þeirra spor.<sup>31</sup>

Nálgun og baráttuaðferðir innan vistfemínisma eru fleiri og fjölbreyttari en hér hefur verið rakið í stuttu máli, eftir því hvar í heiminum og í hvernig samfélögum og menningu konur lifa, og fræðileg rannsóknarefni undir merkjum þessarar stefnu eru að sama skapi af ýmsu tagi. Bent hefur verið á að ekki sé hægt að alhæfa fyrir alla hópa kvenna undir merkjum vistfemínisma. Ástæðan er sú að aðstæður kvenna í heiminum eru of misjafnar til þess að hægt sé að alhæfa út frá einni hlið. Horfa þurfi á málin ekki aðeins út frá konum almennt enda séu konur í heiminum ekki einn einsleitur hópur, langt í frá. Taka þurfi mið af mismunandi veruleika og aðstæðum kvenna

<sup>31</sup> Hafdís Hanna Ægisdóttir, „Konur og loftslagsmálin“, *Ruv.is* 17. mars 2021, sótt 15. janúar 2022 af <https://www.ruv.is/frett/2021/03/17/konur-og-loftslagsmalin>. Í þessu samhengi má einnig minnst skrifa Guðna Elíssonar sem hefur bent á að menntun stúlkna í þróunarlöndum sé mjög mikilvægur liður í baráttunni við loftslagsbreytingar. Sjá Guðni Elísson, „Vatnsdæla – gjöf sem getur breytt heiminum“, *Vísir.is* 2. desember 2017, sótt 21. júní 2022 af <https://www.visir.is/g/20171082492d>.

eftir búsetu, stétt og menntun, efnahag, samfélagsgerð, trúarbrögðum, upp-  
runa, kynþætti, kynhneigð, þjóðerni og félags- og efnahagslegri stöðu sam-  
félaga, staðsetningu á jarðarkringlunni og gerð og eðli þeirrar náttúru sem  
þær tengjast og lifa í eða af.<sup>32</sup> Þau viðhorf og aðferðir eru líka til innan vist-  
femínisma að leggja þurfi ríka áherslu á gyðjutrú eða aðrar trúarlegar og  
goðsögulegar hugmyndir til að öðlast skilning á málum sem tengjast konum  
og náttúrunni.<sup>33</sup> Í gegnum tíðina hafa straumar og stefnur innan vistfemín-  
isma því ekki falið í sér einhliða sýn hvorki varðandi nálgun, aðferðafræði né  
baráttuaðferðir. Þá eru nýir vinklar enn að líta dagsins ljós, dafna og hasla sér  
völl, bæði á sviði akademískra rannsókna og pólitískra aðgerða.<sup>34</sup>

### *Rætur vistfemínisma í umræðu um umhverfismál á Íslandi*

Þegar grafið er fyrir um rætur vistfemínisma hér á landi er þær að finna  
í kvennahreyfingum á níunda áratug síðustu aldar og svipaða sögu er að  
segja af hliðstæðum hreyfingum erlendis. Kvænnaframboðskonur og síðan  
Kvennalistakonur riðu á vaðið í þessu eins og svo mörgu öðru í femínískri  
orðræðu og aðgerðum. Í bók sinni um Kvænnaframboðið í Reykjavík og  
Kvennalistann á árunum 1982–1987 segir Kristín Jónsdóttir sagnfræðingur  
að þessi pólitísku samtök hafi sett umhverfismál á oddinn strax í upphafi,  
bæði í málum Reykjavíkurborgar og í landsmálunum á Alþingi.<sup>35</sup>

<sup>32</sup> Sjá til dæmis Noël Sturgeon, „Ecofeminist Movements“, *Ecology. Key Concepts in Critical Theory*, ritstjóri Carolyn Merchant, 12/2011, 2. útgáfa, bls. 237–249, sótt 21. júní 2022 af <https://social-ecology.org/wp/wp-content/uploads/2011/12/Sturgeon-Ecofeminist-Movements.pdf>; sami höfundur, *Ecofeminist Natures. Race, Gender, Feminist Theory and Political Action*, New York: Routledge, 1997.

<sup>33</sup> Sjá til dæmis Mary C. Grey, *Sacred Longings. Ecofeminist Theology and Globalisation*, London: SCM, 2003; Sjá einnig til dæmis greinasöfnin *Women Healing Earth. Third World Women on Ecology, Feminism, and Religion*, ritstjóri Rosemary Radford Ruether, New York: Orbis Books, 1996, og *Ecofeminism and the Sacred*, ritstjóri Carol J. Adams, New York: Continuum, 1993.

<sup>34</sup> Sjá til dæmis Karen J. Warren, „Feminist Environmental Philosophy“.

<sup>35</sup> Sjá um hugmyndafræði og brautryðjandi starf Kvænnaframboðsins í Reykjavík og síðan Kvennalistans: Kristín Jónsdóttir, „*Hlustaðu á þína innri rödd*“. *Kvænnaframboðið í Reykjavík og kvennalisti 1982–1987*, ritstjórar Erla Hulda Halldórsdóttir og Ragnheiður Kristjánsdóttir, Reykjavík: Sögufélag, 2007, til dæmis bls. 210 þar sem stendur: „Þær komu málum á dagskrá Alþingis sem legið höfðu í þagnargildi. Má þar nefna kynferðislegt ofbeldi gegn konum og börnum og meðferð kerfisins á fórnarlömbum nauðgana [...] Framboðskonur áttu þátt í að koma umhverfismálum á dagskrá og fluttu tillögur um þau í borgarstjórn og á Alþingi [...] Hann [Kvennalistinn] var á móti stóriðju vegna umhverfissjónarmiða, hún væri mengandi og náttúruspillandi, henni fylgdi byggðarleg og félagsleg röskun og væri gamaldags og úr-

Þessa gætir víða í gögnum þessara kvennapólítísku hreyfinga. Í „Laugar- dagskaffi“ Kvennalistans í Kvennahúsinu þann 27. apríl 1985 var yfirskrift umræðu dagsins: „Umhverfismál“ og í dagskrárkynningu sagði: „Hvers vegna skipta umhverfismálin konur svo miklu? Hverju viljum við breyta?“<sup>36</sup> Stutta svarið við þessu var að í öllum málum skyldi hafa að leiðarljósi að skoða hvort og hvernig ákvarðanir á sviði umhverfismála sneru að hagsmunum og lífi kvenna, ekki síður en karla, enda löng og sterk hefð fyrir að huga aðeins að hlið karla þegar málum var ráðið. Þessu væri kominn tími til að breyta. Í stuttu máli sagt ber umhverfismál og jafnréttismál oft á góma þegar saga þessara framboða er skoðuð, og sneri bæði að náttúru- og umhverfisvernd í nærsamfélagi, á landsvísu en einnig á alþjóðavísu. Áherslan lá á margt sem lætur kunnuglega í eyrun nú á dögum; meðal annars á aðgerðir til að sporna gegn mengun, stuðla að endurvinnslu og flokkun sorps, á náttúruvernd, stofnun þjóðgarða, friðlýstra svæða og fólkvanga og eflingu úti- vistarsvæða innan þéttbýlis og við þéttbýlismörk. Einnig bar hátt kall eftir aðgerðum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda sem eins helsta umhverfisvanda samtímans. Kvennalistinn talaði fyrir mikilvægi þess að skipu- lagsmál og umhverfismál færu saman í þróun byggðar og samfélags.<sup>37</sup> Umhverfismál undir merkjum sjálfbærrar þróunar setti mark á níunda áratuginn í kjölfar Brundtlandskýrslunnar frá árinu 1987 og Kvennalistinn tók sjálfbærni- hugtakið í þeim anda inn í sína umhverfismálastefnu.<sup>38</sup>

---

eltur atvinnukostur. Kvennaframboðs- og Kvennalistakonur voru friðarsinnar og áttu samstarf og samskipti við erlendar friðarhreyfingar kvenna. Þær vildu leggja niður hernaðarbandalög og auka friðargæslu. Kvennalisti studdi mannréttindabaráttu samkynhneigðra og var fyrsta stjórnmalahreyfingin til að boða til framboðs- fundar með þeim og fyrsta pólitíska aflið sem var með sérstakan kafla í stefnuskrá um réttindi þeirra.“ Um sögu Kvennalistans sjá einnig vefsíðuna *Kvennalistinn.is*. Konur sem tóku þátt í starfi áður nefndra kvennahreyfinga eru enn að störfum á ýmsum vettvangi í þágu kvenfrelsis, jafnréttis og jöfnuðar á Íslandi og erlendis, og hópur þeirra stofnaði í því skyni árið 2017 samtökin *IceFemin. Icelandic Feminist Initiative*, sjá vefsíðuna <https://icefemin.is/index.php/is/heim/>.

<sup>36</sup> „Komdu í kaffi“, *Vera* 4: 2/1985, bls. 37.

<sup>37</sup> Sjá til dæmis Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Ragnheiður Ragnarsdóttir, „Reykjavík hvað ætlar þú að verða?“ *Vera* 3: 1/1984, bls. 10–14, 24; „Bakhópar Kvennaframboðsins ...“, *Vera* 2: 1/1983, bls. 26; RV [Ragnhildur Vigfúsdóttir], „Kvenvin- samlegt umhverfi. Hvað er nú það?“ *Vera* 10: 2/1991, bls. 12–13; „Þingmál“, *Vera* 12: 3/1993, bls. 29–30; *Kvennalistinn. Stefnuskrá*, Reykjavík: Kvennalistinn, 1983; *Frá konu til konu. Kvennalistinn. Saga – stefna – skipulag*, Reykjavík: Kvennalistinn, 1984; *Kvennalistinn. Stefnuskrá 1987*, Reykjavík: Kvennalistinn, 1987; *Kvennalistinn. Stefnuskrá í landsmálum 1991*, Reykjavík: Kvennalistinn, 1991.

<sup>38</sup> Sjá til dæmis Guðný Guðbjörnsdóttir, „Samstaðan og margbreytileikinn. Kvenna-

Í stefnuskrá sem Kvinnalístinn lagði fram í stjórnarmyndarviðræðum vorið 1987, og birt var í *Veru*, sagði um umhverfismál að áherslan væri lögð á að sett yrði heildarlöggjöf um umhverfismál, og stofnað yrði sérstakt ráðuneyti umhverfismála og undir það safnað tvístruðum málaflokkum umhverfismálanna sem hafði verið dreift á mörg ráðuneyti, til að tryggja skilvirkari vinnubrögð og heilstæðara samráð á öllum sviðum umhverfismála. Gera skyldi landnýtingaráætlun sem tæki fyrst og fremst mið af varðveislu og endurheimt landgæða, og taka skyldi upp markvissa umhverfisfræðslu.<sup>39</sup> Alls flutti Kvinnalístinn 18 mál á Alþingi á árunum 1984 til 1994 í baráttu listans fyrir umhverfisvernd í lands- og hnattrænu samhengi eftir málaflokkum.<sup>40</sup>

Kvinnalístinn hafnaði stórvirkjana- og stóriðjustefnu sem þá réð ferðinni í afstöðu stjórnvalda til vatnsaflsnýtingar og atvinnuuppbyggingar á Íslandi. Stefna flokksins í virkjunarmálum var sú að nýta ætti vatnsorkuna í þágu íslensks atvinnulífs með öðrum og umhverfsvænni hætti en til stóriðju. Byggja ætti upp smáiðnað, fullnýta íslenskar afurðir og efla atvinnugreinar sem gengju ekki í berhögg við náttúru og líf landsins. Taka bæri tillit til náttúru- og umhverfisverndar við ákvarðanir um atvinnusköpun og framleiðslu. Stóriðja kæmi því ekki til greina sem heppilegur kostur. Rök Kvinnalístans gegn stóriðju voru þau að hún væri fjárfrekur, gamaldags og úreltur atvinnukostur sem mengaði og spillti náttúru og raskaði samfélagsgerð. Kvinnalístakonur gagnrýndu stjórnvöld fyrir þá áherslu sem þau höfðu lagt á uppbyggingu stóriðju í landinu. Álver leystu ekki atvinnuvanda þjóðarinnar, allra síst kvenna sagði í stefnuskrá flokksins árið 1991, auk þess sem þau kæmu í veg fyrir að Ísland gæti skapað sér ímynd sem land ómengaðrar náttúru, vandaðrar ferðaþjónustu og matvælaframleiðslu.<sup>41</sup> Kvinnaframboðskonur á Akureyri tóku sömu afstöðu, höfnuðu til dæmis áformum um stóriðjuuppbyggingu í Eyjafirði, einu af öflugustu landbúnaðarhéruðum landsins með ótal mögu-

---

hreyfingin, Kvinnalístinn og hugmyndafræðin“, *Vera* 17: 2/1998, bls. 10–13, hér bls. 10 og 13.

<sup>39</sup> „Markmið ríkisstjórnarinnar. Tillaga í stjórnarmyndunarviðræðum 1987“, *Vera* 6: 5/1987, bls. 30–32, hér bls. 31. Margt fleira var skrifað um umhverfismál í tímaritinu *Vera* en blaðið var gefið út árin 1982 til 2005. Ritið hélt þannig áfram á lofti umræðu um kvenfrelismál, og ýmsa málaflokka undir þeim hatti, í nokkur ár eftir að Kvinnalístinn var formlega lagður niður vorið 1999, um þá sögu Kvinnalístans sjá: *Kvinnalístinn.is*, sótt 7. júní 2022 af <https://kvinnalistinn.is/>.

<sup>40</sup> „Þingmál Kvinnalístans í umhverfismálum / „1984–1994 Umhverfismál“, *Kvinnalístinn.is*, sótt 7. maí 2022 af <https://kvinnalistinn.is/thingkonur-2/>.

<sup>41</sup> *Kvinnalístinn. Stefnuskrá* [1983], bls. 9; *Frá konu til konu*, bls. 9; *Kvinnalístinn. Stefnuskrá 1987*, bls. 6 og 23; *Kvinnalístinn. Stefnuskrá í landsmálum 1991*, bls. 4, 27–28.

leika aðra en álframléiðslu ef rétt væri staðið að málum varðandi jafnréttis-sjónarmið og umhverfsvænar áherslur í uppbyggingu atvinnuvega.<sup>42</sup>

Þessi femínísku framboð tóku þannig eindregna afstöðu gegn þeirri stór-iðjustefnu sem ríkjandi var á þessum árum hjá stjórn málaflökkum og í at-vinnulífnum, með áherslunni á álver og stórvirkjanir fallvatna. Stóriðja væri karllæg lausn í atvinnumálum þar sem sköpuð væru ófjölskylduven störf fyrir karla í mengandi iðnaði og náttúrugæðum fórnað undir virkjanir fyrir orku-frekan ósjálfbæran iðnað í eigu erlendra aðila. Ekki ætti að láta fossa lands-ins mala gull fyrir útlendinga, skrifaði Kristín Einarsdóttir í grein árið 1990, heldur nýta íslenskar orkulindir fyrir framleiðslu umhverfsvænna eldsneytis, á borð við vetni. Hún endar grein sína á þessari hvatningu: „Við getum þróað hér nýjar atvinnugreinar sem taka mið af ýrtruðu kröfum um umhverfisvernd. Látum ekki telja okkur trú um að bjargarleysi vofi yfir þótt ekki takist að draga hingað stóriðjufursta heimsins, sem aðeins hugsa um hámarks arð án tillits til íslenskrar náttúru og fólksins sem landið byggir.“<sup>43</sup> Þessi stefna Kvenna-listann hafði einnig áhrif á náttúruverndarstefnu samtakanna. Árið 1991 lögðu allar sex þingkonur listans á Alþingi fram tillögu til þingsályktunar um friðun Hvítár/Ölfusár og Jökulsár á Fjöllum frá upptökum til ósa með rökum um mikið náttúruverndargildi ána og til að forða þeim undan þeirri virkjunar-gleði sem hefði ráðið ferðinni fram til þessa, þar sem hvorki væri tekið tillit til þarfa kvenna í atvinnumálum né náttúru- og umhverfisverndar.<sup>44</sup> Þessi röt-tæka tillaga í anda heildrænnar náttúruverndar, um friðun Hvítár og Jökulsár á Fjöllum, naut ekki stuðnings á þessum tíma, enda ríkjandi áhersla á stóriðju og ýmis virkjunaráform á teikniþorðinu. Ekki var meirihlutavilji á Alþingi fyrir friðun jökuláa vegna ríkjandi stuðnings við virkjunarhagsmunum.<sup>45</sup>

Kvennaframboðið og síðan Kvinnalistinn höfðu frá upphafi starfsemi sinnar í frammi málflutning á nótum vistfemínískrar hugmyndafræði, það er horft var á umhverfismál og málefni kvenna jöfnum höndum, en einnig í víðara samhengi eins og hér hefur verið dregið á. Það sem einkenndi mál-flutninginn var að umhverfismálum var kippt upp úr þeim hefðbundnu hjól-

<sup>42</sup> Um sögu kvennaframboðsins á Akureyri sjá til dæmis Unnur Birna Karlsdóttir, „„Þriðja víddin“. Kvennaframboðið á Akureyri 1982–1986“, *Afmæliskveðja til Há-skóla Íslands*, Akureyri: Bókaútgáfan Hólar, 2003, bls. 355–377.

<sup>43</sup> Kristín Einarsdóttir, „Af hverju ekki álver“, *Vera* 9: 5/1990, bls. 26–28.

<sup>44</sup> „573. Tillaga til þingsályktunar um friðlýsingu Hvítár/Ölfusár og Jökulsár á Fjöllum“, *Althingi.is*, sótt 7. maí 2022 af <https://www.althingi.is/altext/113/s/0573.html>.

<sup>45</sup> Um virkjunaráform á þessum tíma sjá: Unnur Birna Karlsdóttir, *Þar sem fossarnir falla. Náttúrusýn og nýting fallvatna 1900–2008*, Reykjavík: Hið íslenska bókmennta-félag, 2010.

förum sem karlar við völd höfðu komið þeim í. Í stað meginstraumsviðhorfa dæmigerðrar feðraveldisörðræðu komu kvenfrelsisraddir inn í myndina með áherslu á betri heim fyrir konur og börn, jafnt og karla, en forsenda fyrir slíkum heimi væri meðal annars náttúru- og umhverfisvernd.<sup>46</sup>

Það var hins vegar í áðurnefndum skrifum Sigrúnar Helgadóttur sem vistfémínismi var kynntur til sögu hér á landi, í greininni sem hún skrifaði í *Veru* árið 1991 undir yfirskriftinni „Kvenlæg vistfræði“. Þar nefnir Sigrún að hún noti þessa þýðingu á enska hugtakinu *ecofeminism* en fleiri tillögur að heiti á íslensku mættu gjarnan koma fram. Hún kallar þar eftir hugarfarsbreytingu innan vistfræðinnar sem vísindagreinar því fæstir umhverfisfræðinga skildu eða viðurkenndu að vistfræðin þarfnaðist sjónarmiða kvenna í stað þess að stýrast af karllægu vísindasamfélaginu einvörðungu eins og raunin hafði verið fram að þessu. Hafa bæri í huga að stöðugleiki vistkerfis byggist á fjölbreytni, skrifar Sigrún einnig í því samhengi að í rýrðu vistkerfi yrði dýralíf og gróðurfar mun fábreyttara og allt vistkerfið viðkvæmara til dæmis fyrir sjúkdómum og öðrum plágum heldur en í hinu upphaflega fjölbreytta vistkerfi. Skerðing á fjölbreytni vistkerfis af mannavöldum væri þannig hættuleg og það sama mætti segja um mannlífíð í tilvikum þegar litið væri á menn sem vélar og smekkur þeirra og menning gerð einsleit í gegnum fjölþjóðaneyslu-kerfi. Þannig væru samfélög og náttúra gerð fátækari varðandi fjölbreytni til hagsbóta fyrir markaðsþjóðfélagið en tækni og iðnvæðing hefði meira og minna breytt nær öllum þjóðum. Þessu vildu fylgjendur kvenlægrar vistfræði breyta með því að leggja áherslu á fjölbreytni í menningu kvenna því í fjölbreytni fælist styrkur en að sama skapi bæri að vinna gegn því sem sundri konum, svo sem stéttaskiptingu, forréttindum, kynja- og kynþáttamisrétti. Fylgjendur kvenlægrar vistfræði, skrifar Sigrún áfram, hafi bent á að tengsl kvenna bæði við menningu og náttúru veiti þeim tækifæri til að skapa menningu og stjórnkerfi sem sameini sálrænt innsæi, rökræna þekkingu, vísindi og þjóðmenningu. Það sé hlutverk kvenna að byggja upp þjóðfélag þar sem náttúran fái að móta menninguna og skilin á milli manns og náttúru eru afmáð.<sup>47</sup> Allt á jörðinni byggir á innbyrðissamhengi og það er kjarnahugmynd kvenlægrar vistfræði, eða svo áfram sé vitnað í orð Sigrúnar Helgadóttur:

<sup>46</sup> Sjá um hugmyndafræði Kvennaframboðsins í Reykjavík og síðan Kvinnalistas: Kristín Jónsdóttir, „*Hlustaðu á þína innri rödd*“. *Kvennaframboðið í Reykjavík og kvinnalisti 1982–1987*.

<sup>47</sup> Sigrún Helgadóttir, „Kvenlæg vistfræði“, bls. 8–9. Í grein sinni segist Sigrún styðjast við ritið *Healing the Wound. The Promise of Ecofeminism*, ritstjóri Judith Plant, Philadelphia: New Society Publishers, 1989, einkum greinar í ritinu eftir Susan Griffin, „The Ecology of Feminism“ og Ynestra King, „Feminism of Ecology“.

Kvenlæg vistfræði tekur málstað náttúrunnar jafnt sem þess fólks sem minna má sín í þjóðfélaginu og hafnar allri valdniðslu og ofbeldi.

Lífverur Jarðar mynda samhangandi vef en raðast ekki í upp-typping [píramíta] ... Í náttúrunni er hvað öðru háð, ekkert öðru æðra og samhjálp miklu algengari en samkeppni. Upptyppt samfélög [pýramítasamfélög] fólks eru því óeðlileg svo og sú hugsun að einn sé öðrum æðri hvort sem um er að ræða tengsl fólks, fólks og annarra lífvera, eða lífvera innbyrðis. Kvenlæg vistfræði leggur áherslu á valddreifingu og samhjálp.<sup>48</sup>

Sigrún skrifar aftur og ítarlegar um þetta efni árið 1994 í þverfræðilega greinasafninu *Náttúrusýn*.<sup>49</sup> Þar skrifar hún meðal annars að í sjálfu sér mætti segja að kvenlæg vistfræði væri flétta þriggja pólitískra hreyfinga sem hafi verið áberandi í vestrænum heimi síðustu áratugina og kenndu sig við frið, kvenfrelsi og umhverfisvernd. Hins vegar mætti líka halda því fram að hér væri aðeins um að ræða nýtt nafn á ævaforntri þekkingu. Hún útskýrir þetta með því að hún vísi þar til sameiginlegrar reynslu kvenna af tengslum við náttúruna í aldanna rás, allt til árdaga mannkyns.<sup>50</sup> „Kvenlægir vistfræðingar hafa ákveðnar hugmyndir um hvaða pólitískar eða menningarlegar breytingar það eru sem skipta máli“, skrifar hún einnig og bætir við í framhaldinu að kvenlægir vistfræðingar hafi ákveðnar hugmyndir um hvaða pólitískar eða menningarlegar breytingar skiptu máli, eða eins og hún orðar það:

Menn verða að láta af hinum mannmiðja hugsunarhætti sínum en átta sig á og virða þau sannindi að allt er hvað öðru háð og maðurinn er hluti náttúrunnar. Hann verður að læra að stjórna sjálfum sér og taka aðeins það sem hann þarf til að fullnægja nauðsynlegum þörfum. Það verður að rækta, jafnvel græða á ný, ævafornt tengsl við náttúruna. Ríkjandi verðmætamat byggist á afneitun, firringu, ótta, afskiptaleyzi og græðgi.<sup>51</sup>

Slíkar hugmyndir úr ranni kvennabaráttu níunda áratugar 20. aldar náðu að lifa áfram, eða að minnsta kosti einhver fræ af þeim, eins og nú víkur sögu að.

<sup>48</sup> Sigrún Helgadóttir, „Kvenlæg vistfræði“, bls. 9.

<sup>49</sup> Sigrún Helgadóttir, „Konur í berjamó, bls. 155–165.

<sup>50</sup> Sama heimild, bls. 159–161.

<sup>51</sup> Sama heimild, bls. 164.



## *Gætir áhrifa vistfemínisma nú í umhverfisstefnu íslenskra stjórnvalda?*

Hér er komið að því að snúa sér að seinni hluta spurningar þessarar greinar, það er um það hvort gæti einhverra áhrifa vistfemínískra hugmynda í umhverfisstefnu stjórnmalaflokka og stjórnvalda á Íslandi nú á tímum, nánar tiltekið þegar kemur að stefnu í umhverfismálum.

Þessum spurningum má svara játandi í því tilliti að kynjuð markmið í gerð og innihaldi aðgerðaáætlana fylgdu í kjölfar jafnréttissinnaðri viðhorfa almennt á tíunda áratug síðustu aldar og fyrstu áratugum þessarar, í krafti fyrri baráttu fyrir kynjajafnrétti og bættum mannréttindum almennt hérlendis. Þetta snertir sögu umhverfshyggu í hugmynd og framkvæmd, og þá líka frá vistfemínísku sjónahorni. Árið 2012 gaf umhverfisráðuneytið út skýrslu um „kynjaáhrif“ loftslagsmála, þar sem rýnt var með kynjagleraugunum í aðgerðaáætlun þáverandi ríkisstjórnar í loftslagsmálum.<sup>52</sup> Þetta var hluti af innleiðingu kynjaðar hagstjórnar sem þáverandi ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs, setti sér að beita við fjárlagagerð og efnahagsstjórn, enda gætu ólík áhrif fjárlaga á kynin og stöðu þeirra leitt til betri stjórnarháttu og skiptingu tekna. Afleiða af þessu var að huga að hvort samþætta ætti einnig kynjasjónarmið stefnu í loftslagsmálum og var gerð skýrsla um málið sem kom út í október 2012. Skýrslan var þáttur í verkefni umhverfis- og auðlindaráðuneytis í kynjaðri fjárlagagerð, þar sem farið var yfir aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum sem samþykktar voru í október 2010. Í þessari áfangaskýrslu, sem fól í sér greiningu á kynjaáhrifum loftslagsmála, var sjónum beint að því hvort bæði kynin komi að því að móta stefnu og taka ákvarðanir um loftslagsmál. Niðurstöður sýndu, eins og fram kemur einnig í frétt á vefsíðu Stjórnarráðsins um meginatriði í niðurstöðum skýrslunnar, að konur nota vistvænni samgöngumáta en karlar og hafa almennt vistvænni lífsstíl en þeir. Vistspor (*e. ecological footprint*) kvenna er minna en karla sem hlýst af því að lífsstíll kvenna er mun umhverfisvænni en karla. Enn fremur er bent á að þær aðgerðir sem boðaðar eru í áætluninni skapi einkum störf á karllægum sviðum svo sem í landbúnaði og við ýmsa véla- og tæknivinnu. Þannig sé kynjaslagsíða í framkvæmdaáætluninni í stað þess að fylgt sé kynjaðri umhverfisstefnu, það er tekið mið af þörfum kvenna

<sup>52</sup> *Loftslagsmál og kynjaáhrif þeirra. Áfangaskýrsla 1*, Reykjavík: Umhverfisráðuneyti, 15. ágúst 2012, sótt 19. júní 2022 af [https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/PDF\\_skrar/14\\_UMH\\_KHF\\_afangaskyrsla1\\_2012.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/PDF_skrar/14_UMH_KHF_afangaskyrsla1_2012.pdf).

jafnt sem karla.<sup>53</sup> Í frétt Stjórnarráðsins sagði auk þess um meginatriði í niðurstöðum skýrslunnar um kynbundin atriði sem huga bæri að:

Er á það bent að aðgerðir íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum miða að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda sem á endanum gagnast öllum, bæði konum og körlum. Flest jafnréttismarkmið áætlunarinnar tengjast fyrirbyggjandi mun á stöðu kynjanna. Undirrót þess kynjamunar er ójöfn staða kvenna og karla á vinnu- markaði, kynbundinn launamunur og ójöfn byrði ólaunaðra umönnunar- og heimilisstarfa. Segir í skýrslunni að undirstaða þess að bæði kynin geti lagt sitt af mörkum í umhverfis- og loftslagsmálum er að jafna þessa ójöfnu stöðu.

Ef konur og karlar eigi að leggja jafnt af mörkum til að koma í veg fyrir loftslagsbreytingar með því að breyta neytendamynstri sínu yfir í vistvænni lífsstíl, verði því sérstaklega að beina sjónum að körlum og því neyslumynstri og lífsstíl sem þeir fylgja.<sup>54</sup>

Af þessu má greinilega ráða það sem vistfemínistar hafa margsinnis bent á, það er að það skiptir máli að horfa á umhverfismál, og lausnir í þágu umhverfisverndar, út frá fleiri hagsmunum og breytum en ríkjandi meginstraumshugmyndum sem í flestu mistakist að taka tillit til kynjasjónarmiða og annars margbreytileika samfélagsins. Niðurstaðan verði strax önnur, sanngjarnari og markvissari, ef kynjasjónarmið séu samþætt öðrum umhverfissjónarmiðum. Þessi skýrsla er tekin hér sem dæmi um áherslur á borð við þær sem vistfemínismi felur í sér. Þannig má segja að vistfemínísk sjónarmið hafi örlítið komið við sögu í umhverfismálaumræðu á fyrsta fjórðungi þessarar aldar, þau rötuðu að minnsta kosti inn í framangreinda skýrslu frá stjórnartíma tveggja áðurnefndra flokka sem höfðu stefnumál sem lágu frá miðju til vinstri, og settu kvenfrelsi, jafnréttismál og umhverfismál á oddinn. Í stjórnarsáttmála þessara flokka vorið 2009 var hins vegar ekki sérstaklega tilgreint að samþætta skyldi kynjasjónarmið og umhverfismál í umhverfismálakafli stjórnarsáttmálans. En í öðrum köflum sáttmálans kemur fram að auka skuli vægi jafnréttismála með ýmsum aðgerðum og hafa kynjasjónarmið að leiðarljósi í aðgerðum til atvinnusköpunar svo þær gagnist bæði körlum

<sup>53</sup> „Ný áfangaskýrsla um kynjaáhrif loftslagsmála“, *Stjornarradid.is*, 10. október 2012, sótt 19. júní 2022 af <https://www.stjornarradid.is/gogn/rit-og-skyrslur/stakt-rit/2012/10/10/Ny-afangaskyrsla-um-kynjaahrif-loftslagsmala/>.

<sup>54</sup> Sama heimild.

og konum. Þessa gætti í stjórnarstarfinu á þessum árum, eins og sagði hér að ofan um kynjaða hagstjórn í stefnu Samfylkingar og Vinstri grænna árin 2009 til 2013.<sup>55</sup>

En hvað gerðist svo? Má finna vistfemínískar áherslur í næstu stjórnarsáttmálum, það er að huga beri að kynjasjónarmiðum í stefnumótun um aðgerðir í umhverfismálum? Stutta svarið við þessu er neitandi og þá með vísan til stefnu síðustu ríkisstjórna frá og með árinu 2013 eins og hún birtist í stjórnarsáttmálunum, en þó skal tekið fram að hér er sjónarhornið takmarkað við þessar tilteknu heimildir. Allar stjórnir á þessu tímabili höfðu hins vegar almennt orðalag í stjórnarsáttmála um jafnréttismál í tengslum við ýmsa málaflokka aðra en umhverfismál.<sup>56</sup>

Sérstakur kafli er í sáttmála núverandi ríkisstjórnar um markmið í loftslagsmálum með vísan í Parísarsamkomulagið svokallaða. En þar gæti ekki vistfemínískrar sýnar, í þeirri merkingu að kyn (kyngervi) og umhverfismál séu nefnd jöfnum höndum og samþætt heldur ber stefnuskrártextinn merki þeirrar almennu vísindalegu og pólitísku nálgunar sem vistfemínistar, líkt og Greta Gaard og fleiri, hafa gagnrýnt, það er horft er á loftslagsmálin og aðgerðamarkmið út frá hefðbundnum sjónarhóli almenns orðalags. Áherslan beinist að vísindalegum og tæknilegum lausnum fremur en að kallað sé eftir endurskoðun á ríkjandi fyrirkomulagi stjórn mála, efnahags- og atvinnulífs í þágu samþættingar kynjasjónarmiða og umhverfisverndar í anda vistfemínismans.<sup>57</sup>

Hér er þó rétt að staldra við og hnykkja á að stjórnarsáttmálinn segir ekki alla söguna. Á vef Stjórnarráðs Íslands segir meðal annars að í framkvæmda-

<sup>55</sup> Vorið 2009 til 2013 voru Samfylkingin og Vinstri hreyfingin grænt framboð í ríkisstjórn, sjá stjórnarsáttmála: „Samstarfsyfirlýsing ríkisstjórnar 2009“, *Stjornarradid.is*, 10. maí 2009, sótt 8. júní 2022 af <https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/sogulegt-efni/um-rikisstjorn/2009/05/10/Samstarfsyfirlýsing-rikisstjornar-2009/>.

<sup>56</sup> Þess ber að geta að síðasti áratugur var í ýmsu óvenjulegur í íslensku pólitík í kjölfar bankahrunsins og síðan tíðra stjórnarskipta í kjölfar stjórnarslita. Árin 2013 til 2016 voru Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur við stjórn, frá ársbyrjun 2017 til hausts 2017 voru það Sjálfstæðisflokkur, Viðreisn og Björt framtíð, og frá nóvemberlokum 2017 til ársloka 2021 ríkisstjórn Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs, Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks, sjá stjórnarsáttmála þessara ríkisstjórna: „Stefnuyfirlýsingar fyrri ríkisstjórna frá 1995“, *Stjornarradid.is*, sótt 10. júní 2022 af <https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/sogulegt-efni/stefnuyfirlýsingar-fyrri-rikisstjorna/>.

<sup>57</sup> „Sáttmáli um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs“, *Stjornarradid.is*, sótt 12. janúar 2022 af <https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/stjornarsattmali/>.

áætlun um jafnréttismál fyrir árin 2020–2023 er kveðið á um sérstakt samstarfsverkefni umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og utanríkisráðuneytisins um að lögð verði áhersla á að rödd kvenna heyrst í loftslagsmálum. Í því felist meðal annars að stuðla að því að jafnréttissjónarmið séu höfð til hliðsjónar við gerð alþjóðlegra samninga um umhverfis- og loftslagsmál.<sup>58</sup>

Þessi áætlun var samþykkt á síðasta kjörtímabili, nánar tiltekið í lok árs 2019.<sup>59</sup> Sömu flokkar voru þá við völd og nú eftir síðustu kosningar, þannig að gera mætti ráð fyrir áframhaldi á þessari áætlun, en síðasta uppfærsla á stöðu verkefnisins á vef Stjórnarráðsins er frá október 2021, það er frá síðasta kjörtímabili. Samkvæmt markmiðum framkvæmdaáætlunarinnar er stefnan sú að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið í allri stefnumótun og ákvarðanatöku ráðuneyta og stofnana ríkisins. Meðal þeirra málaflokka sem sérstaklega eru listaðir upp með tenglum á síðu verkefnisins er þó ekki hlekkur á samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða.<sup>60</sup>

Áherslu á tengsl jafnréttis og umhverfismála má hins vegar finna í *Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum* frá því í júní 2020. Þar kemur meðal annars fram að víkja þurfi frá hinum gömlu hefðbundnu mælikvörðum og beita nýju sjónarhorni eigi að ná árangri, meðal annars jafnréttis og kynjasjónarmiðum:

Aðgerðir gegn loftslagsvánni eru umfangsmiklar og verkefnið vandmeðfarið. Tryggja þarf að aðgerðir veiki ekki stöðu viðkvæmstu hópa samfélagsins og auki á ójöfnuð. Ísland hefur verið í fararbroddi í jafnréttismálum og jafnréttismál og umhverfismál eru ná-tengd. Allar aðgerðir gegn loftslagsbreytingum verða um leið að stuðla að félagslegu réttlæti og jafnrétti í samræmi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Hér á landi hefur staðið yfir viðamikil vinna við þróun velsældarmælikvarða í stað hefðbundinna mælikvarða um verga landsframleiðslu og hagvöxt. Nýju mælikvarðarnir ganga út á hagsæld og lífsgæði og þar er tekið

<sup>58</sup> „Almennt um stöðu jafnréttismála á Íslandi“, *Stjornarradid.is*, (forsætisráðuneytið), sótt 25. janúar 2022 af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/mannrettindi-og-jafnretti/jafnretti/um-jafnretti-kynjanna/>.

<sup>59</sup> „Framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum 2020–2023“, *Stjornarradid.is*, (forsætisráðuneytið), sótt 25. janúar 2022 af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/mannrettindi-og-jafnretti/jafnretti/framkvæmdaáætlun-i-jafnrettismalum-/>.

<sup>60</sup> „Samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða“, *Stjornarradid.is*, (forsætisráðuneytið), sótt 25. janúar 2022 af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/mannrettindi-og-jafnretti/jafnretti/framkvæmdaáætlun-i-jafnrettismalum-/stok-adgerd/?itemid=6c8bc85b-fe8b-11ea-8123-005056bc8c60>.

tillit bæði til félagslegra þátta og umhverfisþátta. Markmiðið er að hverfa frá því að einblína eingöngu á hagvöxt, óháð því hvernig hann er tilkominn, og hanna þannig grunn að sjálfbæru hagkerfi.<sup>61</sup>

Á öðrum stað í áætluninni er hnykkt á mikilvægi þess „að aðgerðir í loftslagsmálum miði samhliða að auknu jafnrétti og jöfnuði, en verði ekki til þess að auka á misrétti. Réttlát umskipti eigi sér þannig stað.“<sup>62</sup> Íslandi beri að hafa leiðandi rödd í baráttu við loftslagsvána, með góðu fordæmi, segir á öðrum stað, enda hafi á alþjóðavettvangi sú afstaða Íslands verið „undirstríkuð að mannréttindi, félagslegt réttlæti og jafnrétti kynjanna séu samtengd loftslagsmálum og allar aðgerðir gegn loftslagsbreytingum verði að taka mið af því.“<sup>63</sup> Loftslagsbreytingar af mannavöldum muni hafa stórfelld áhrif á samfélag til skemmri og lengri tíma litið og sama eigi við aðgerðir til viðspyrnu gegn því. „Áhrifin geta verið misjöfn eftir hópum, svo sem með tilliti til kyns, stéttar, atvinnu og fötlunar. Aðgerðir í loftslagsmálum þurfa að miða samhliða að auknu jafnrétti og jöfnuði, en ekki verða til þess að auka á misrétti. Réttlát umskipti þurfa þannig að eiga sér stað.“<sup>64</sup>

## *Niðurstöður*

Vistfemínismi er femínísk umhverfishyggja þar sem kvenfrelshugsjónir og umhverfisvernd eru samþætt. Innan þessa hefur verið litið á kynin út frá eðlishyggju með áherslu á tengsl kvenna sem mæðra og móður jarðar en sú afstaða hefur jafnframt verið gagnrýnd og því haldið fram að staða kynjanna innan samfélags ráðist af félagslegum en ekki líffræðilegum atriðum. Þessi andstæðu viðhorf eiga það þó sameiginlegt að horft er á náttúruna sem vistkerfi, sem fósturu og móður alls lífs, og að hana beri því að virða og vernda. Stefnan er að konur komi að málum þegar ákvarðanir eru teknar sem varða sambúð manns og náttúru og að hagsmunir kvenna séu teknir með í reikn-

<sup>61</sup> „Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Aðgerðir íslenskra stjórnvalda til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda til 2030“, *Stjornarradid.is*, (umhverfis- og auðlindaráðuneytið), júní 2020, bls. 17, sótt 26. janúar 2022 af <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Adgerdaaetlun%20i%20loftslagsmalum%20onnur%20utgafa.pdf>.

<sup>62</sup> Sama heimild, bls. 14; sjá einnig: „Stöðuskýrsla aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum“, *Stjornarradid.is*, (umhverfis- og auðlindaráðuneytið), september 2021, sótt 26. janúar 2022 af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/umhverfi-og-natturuvernd/loftslagsmal/adgerdaaetlun-i-loftslagsmalum/>.

<sup>63</sup> „Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum“, bls. 23.

<sup>64</sup> Sama heimild, bls. 81.

inginn í allri umræðu um umhverfismál í stað þess að almennt sé miðað við meginstraumshugmyndir sem hafa karllæga slagsíðu sökum hefðar og ríkjandi kynjamisréttis og undirmálsstöðu kvenna. Vestræn menning er karllæg og fjandsamleg náttúrunni þar sem hún byggist á yfirráðastefnu og drottun í grunninn; og rétt eins og karlaveldið kúgi konur þá kúgi það náttúruna. Náttúrusýn vísindabyltingar og tæknihyggju er gagnrýnd fyrir að fela í sér sömu kúgunarstefnu gagnvart náttúru og ríki gagnvart konum í feðraveldinu. Orsök umhverfisvanda nútímans liggja í hinu mannverfa sjónarhorni og sé sök karlveldisins. Umhverfisfemínistar andmæla og hafna þeirri hugmyndafræði sem stillir manningnum ofar náttúrunni og karlmanningnum ofar konunni. Náttúra og menning séu jafngild og það eigi einnig við um karla og konur. Umhverfismál og kvenfrelismál fari því saman og ójafnréttið í sambúð manns og náttúru, á kostnað náttúrunnar, verði ekki leyst nema með því að uppræta kynjamisrétti og annað þjóðfélagslegt misrétti ríkjandi feðraveldis.

Dropinn holar steininn. Vistfemínismi byrjaði sem róttæk jaðarhugmyndafræði en boðskapur stefnunnar, það er áherslan á mikilvægi þess að skoða umhverfismál út frá stöðu og sjónarmiðum kvenna en ekki aðeins karla, virðist vera að seytla inn í íslenska stjórnkerfið, og þar með að marka spor í orðræðu meginstraumsins, sé til dæmis litið til nýlegra markmiða stjórnvalda í formi framkvæmdaáætlunar um jafnréttismál og aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum. Hvernig svo munu fara saman orð og efndir verður tilefni til nýrra rannsókna.

## ÚTDRÁTTUR

Kvenfrelsisbarátta síðustu rúmlega hundrað árin hefur markað spor í hugarfar, ekki aðeins á Vesturlöndum heldur alþjóðlega. En saga femínisma inniber einnig skörun við baráttu fyrir verndun náttúru og umhverfis. Þessi hugmyndafræðilegi þráður, femínísk náttúrusýn, fæddi af sér nýjan með innan femínisma sem almennt gengur nú undir heitinu vistfemínismi á íslensku. Í þessari grein er fjallað um nokkur meginatriði í hugmyndafræði vistfemínisma og hvernig þessarar stefnu hefur gætt hér á landi í umræðu um jafnréttismál og umhverfisvernd. Fjallað er um upphaf vistfemínisma á Íslandi eins og hann birtist í rituðum heimildum. Horft er til upphafs þessarar hugmyndastefnu á Íslandi, hvaða hugmyndir voru þar ofarlega á baugi og hvort finna megi áhrif vistfemínisma í stefnu stjórnvalda í umhverfismálum á síðustu árum. Varðandi þetta síðarnefnda þá afmarkast rannsóknin hér við útgefna stefnu

stjórnvalda í umhverfismálum, eins og hún birtist í tilteknum heimildum, en ekki þá hlið málsins hvort kynjaðri umhverfistefnu hafi verið fylgt eftir í framkvæmd. Það er hins vegar ekki síður verðugt rannsóknarefni og verður vonandi verkefni nýrra vísindarannsókna á næstunni.

*Lykilorð:* Vistfémínismi, umhverfisfémínismi, kvenlæg vistfræði, umhverfi, náttúra, náttúruvernd, umhverfisvernd, jafnrétti, kvenfrelsi.

## ABSTRACT

### **Ecofeminism in the discourse on environmental issues in Iceland**

This article discusses some threads in the history of ecofeminism in Iceland. It explores how this feminist and environmental ideology has been pursued in the debate on equality issues and environmental protection. The roots of ecofeminism in Iceland can be traced back to the women's movements in the 1980s. The article looks at these beginnings of this ideological policy in Iceland, what ideas were high on the agenda and whether the impact of ecofeminism can be found in the national government's environmental policy in recent years. Regarding the latter, the study here is limited to the published environmental policy and does not include results on whether it has been followed up in implementation. However, that is no less worthy of research and will hopefully be the subject of new scientific research.

*Keywords:* Ecological feminism, environmental feminism, feminist ecology, environment, nature, nature conservation, environmental protection, equality, feminism.

UNNUR BIRNA KARLSDÓTTIR

Doktor í sagnfræði frá Háskóla Íslands 2010

Fræðimaður og forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Austurlandi  
Tjarnarbraut 39a

IS-700 Egilsstaðir, Ísland

unnurk@hi.is

